

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir kattahald í Hveragerðisbæ, nr. 1358/2011.

1. gr.

1. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Þeir sem fá heimild til að halda kött, sbr. 1. gr. samþykktar nr. 556/2007 með áorðnum breytingum, um kattahald í Hveragerði skulu greiða fyrir það skráningargjald kr. 4.180 sem rennur í bæjarsjóð. Jafnframt skal eigandi kattar greiða árgjald kr. 4.750 sem rennur í bæjarsjóð. Er gjöldunum ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd fyrrgreindrar samþykktar, sbr. 2. gr. hennar.

2. gr.

2. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Handsömunargjald skv. 11. gr. sömu samþykktar skal vera kr. 2.500 í fyrsta skipti en síðan hækkar það í kr. 4.500 ef til handsömunar kemur aftur innan 6 mánaða frá fyrri handsömun. Að auki skal umráðamaður kattar greiða þann kostnað sem til fellur svo sem dvalar- og geymslukostnað.

Óskráða ketti má ekki afhenda fyrir en að lokinni skráningu, greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

3. gr.

Breyting þessi er samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar 9. desember 2021 með tilvísun til heimildar í samþykkt um kattahald í Hveragerði nr. 556/2007, sbr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustu-hætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

Hveragerði, 9. desember 2021.

Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri.